

Nefndasvið Alþingis
Kristjana Benediktsdóttir
Austurstræti 8 - 10
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 23. júní 2010
Tívisun: 2010050033/90.12
SE/BH
Tölvupóstur 11.maí 2010

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um grunngerð landupplýsinga, 549. mál.

Vísað er til tölvubréfs nefndasviðs Alþingis dags. 11. maí sl. þar sem óskað er eftir athugasemdum Vegagerðarinnar um frumvarp til laga um grunngerð landupplýsinga. Beðist er forláts á að dregist hefur að skila umsögn um málið.

Vegagerðin telur það mjög brýnt að Inspire tilskipunin verði innleidd sem fyrst og aðgengi að landupplýsingum milli stofnanna verði aukið til muna frá því sem nú er. Vegagerðin heldur utan um nokkur gagnasett sem heyra undir viðauka Inspire tilskipunina, s.s. vegakerfið, ~~fastmaki, upplýsingar um jarðefni o.fl. og hefur áhuga á því að gera þau gögn aðgengileg almenningi og stofnunum.~~

Vegagerðin gerir ekki athugasemdir við meginefni frumvarpsins og telur það almennt til bóta. Vegagerðin vill þó vekja athygli á því að 6. gr. frumvarpsins leggur skyldur á stjórnvöld að sjá til þess að gögn og vefþjónusta vegna þeirra séu gerð aðgengileg í gegnum landupplýsingagátt. Þetta getur haft í för með sér aukinn kostnað fyrir stjórnvöld. Vegagerðin vill einnig vekja athygli á því að í 11. gr. frumvarpsins er kveðið á um gjaldtöku vegna þjónustu skv. 3., 4. og 5. tölulið 1. mgr. 5.gr. Vegagerðin bendir á að mikilvægt er að halda allri gjaldtöku í lágmarki til að það markmið frumvarpsins náist að tryggja greiðan aðgang stjórnvalda og almennings að landupplýsingum sbr. 1. gr. frumvarpsins. Að öðrum kosti getur gjaldtaka fælt stjórnvöld og almenning frá því að nýta sér þau gögn sem þar verða í boði.

Að lokum bendir Vegagerðin á, að ekki er skýrt í frumvarpinu hvort Landmælingar Íslands eða þau stjórnvöld sem hafa þurft að koma sér upp vefþjónustum fyrir landupplýsingagáttina, hafi heimild til gjaldtöku vegna þjónustu.

Virðingarfyllst,



Gunnar Gunnarsson,
aðstoðarvegamálastjóri.